



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 21. nóvember 2013
1311019 IE


Efni: Athugasemdir varðandi frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar og fleiri lögum (leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir), 144. mál, þskj. 162, lþ. 143.

Með tölvupósti dags. 7. nóvember 2013 óskaði velferðarnefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 (leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir), 144. mál, þskj. 164, lþ. 143.

Jafnréttisstofa hefur ekki, vegna mikilla anna, haft tök á því að fara ítarlega yfir frumvarpið. Eiginleg umsög er því ekki gefin um frumvarpið. Hins vegar vill Jafnréttisstofa gera að umtalsefni yfirlýsingu í greinargerð með frumvarpinu þar sem segir orðrétt í IV. kafla um mat á áhrifum: "Ekki verður séð að frumvarpið hafi bein áhrif á jafnrétti kynjanna, en karlar og konur hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur samkvæmt ákvæðum almannatryggingalag." Jafnréttisstofa bendir velferðarnefnd á að kanna vel hvað þessi yfirlýsing þýðir. Var gert svokallað jafnréttismat á frumvarpinu? Er búið að skoða hvort frumvarpið hafi hugsanlega óbein áhrif á jafnrétti kynjanna? Er hugsanlegt að einhver ákvæði frumvarpsins, ef lögfest verður, muni hafa (meira) íþyngjandi áhrif á annað kynið? Hópar bótáþega eru og geta verið ólíkt saman settir. Konur geta verið fjölmennari í einum hópi en karlar í öðrum. Því má hugsa sér að einhver ákvæði laganna, ef af verður, geti snert konur og karla með ólíkum hætti. Þegar það er sagt er ekki endilega átt við að það sé óeðlilegt heldur gætu málefnalegar skýringar legið fyrir.

Jafnréttisstofa vill áréttta mikilvægi þess að allar upplýsingar séu fyrir hendi, t.d. kyngreindar tölfræðiupplýsingar, sbr. 16. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008, og að ljóst sé hvaða upplýsingar liggja að baki fullyrðingum sem þeirri sem hér er gerð að umtalsefni.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur